

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 125 5. mars 1979, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Við veiðar með botnvörpum og flotvörpum samkvæmt 4.—5. gr. er heimilt að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 80 mm sbr. 6. gr.

Pegar notaður er hlífðarpoki sbr. 1. málsgrein við rækjuveiðar sbr. 4. gr. er óheimilt að binda fyrir hlífðarpokann að aftan. Ennfremur er óheimilt að nota net eða hvaðeina til þéttingar poka að aftan.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 1. október 1982, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. september 1982.

F.h.r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 356 1. júlí 1982 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum o. fl.

1. gr.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú hefur einhver af áhöfn fars eða farþegi við komu til landsins meðferðis meira magn af varningi en heimilaður er tollfrjáls innflutningur á skv. 2. gr. og ríkið eða stofnanir þess hafa einkasölu á og er viðkomandi þá heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem tilgreint er í 2. gr., þó ekki öli, gegn greiðslu einkasölugjalds samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá, enda hafi viðkomandi gert grein fyrir og framvísað varningnum við tollgæslu eins og fyrir er mælt í reglugerð þessari:

A. Áfengi:	1,01
	kr.
1. Rauðvín, hvítvín, ljós rauðvín og freyðivín	60,00
2. Portvín, sherry, madeira, vermút og aperitivar	75,00
3. Íslenskar áfengistegundir	245,00
4. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, romm, líkjörar, svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	300,00

B. Tóbak:	kr
1. Reyktóbak	150,00 pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	190,00 pr. 200 stk.
3. Smávindlar	25,00 pr. 10 stk.
Meðalstærð	100,00 pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir	135,00 pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi töllyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftrilít með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 2. september 1982.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Seltjarnarnesskaupstaðar

nr. 254 19. ágúst 1974.

1. gr.

3. málsgrein 6. gr. falli niður.

2. gr.

9. gr. hljóði svo:

Á skrifstofum bæjarins skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

3. gr.

3. málsgrein 19. gr. hljóði svo:

Sá, sem hefur verið forseti bæjarstjórnar, eða setið í nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

4. gr.

5. tl. A. liðar 24. gr. hljóði svo:

Fimm menn í byggingarnefnd, þar af þrjá innan bæjarstjórnar og tvo utan bæjarstjórnar og fimm varamenn á sama hátt.